

# Hvalaskoðun á Hauganesi

Siglo Sea Safari mun ekki byrja í sumar, eins og ráð hafði þó verið fyrir gert, af óviðráðanlegum ástæðum, en mætir tvíeflt til leiks að ári. Fyrir þau sem áhuga hefðu á hvalaskoðun í seilingarfjarlægð þetta sumarið má óhikað benda á Hauganes við Eyjafjörð, þangað er einungis 40 mínútna akstur, en það er [elsta starfandi hvalaskoðunarfyrirtæki á landinu](#). Í lok ferðar gefst fólki kostur á að veiða á sjóstöng og hirða aflann og meira að segja láta flaka hann fyrir sig.



Væn ýsa komin af öngli.  
Hauganes í baksýn.

Undirritaður gefur fyrirtækinu hæstu einkunn.

Myndir og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.